

6
22. apríl

Konungsbrjef

um

Þingsuppsögn.

Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer viljum hjermeð veita yður sem Vorum forsætis-
ráðherra fyrir Ísland umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi slitið
þá er þingið hefir lokið störfum sínum um 25. þessa mánaðar.

Ritað á Amaliuborg, 22. apríl 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.